



Aganefnd HSÍ | Úrskurður 01.03. '22

Úrskurður aganefndar 1. mars 2022

Eftirtalin mál lágu fyrir og var tekið til úrskurðar:

1. Andri Heimir Friðriksson leikmaður ÍR hlaut útilokun með skýrslu vegna grófrar óíþróttamannslegrar framkomu í leik ÍR og Fjölnis í Grill66 karla þann 22.02.2022. Dómarar meta að brotið falli undir reglu 8:10 a). Með tilvísun í 10. gr. reglugerðar HSÍ um agamál er það niðurstaða aganefndar að leikmaðurinn er úrskurðaður í eins leiks bann. Aganefnd vekur jafnframt athygli á stighækkandi áhrifum leikbanna, skv. 1. mgr. 11. gr. sömu reglugerðar.
2. Viktor Andri Jónsson leikmaður Vals U hlaut útilokun með skýrslu vegna grófrar óíþróttamannslegrar framkomu í leik Berserkja og Vals U í Grill66 karla þann 24.02.2022. Dómarar meta að brotið falli undir reglu 8:10 c). Með tilvísun í 10. gr. reglugerðar HSÍ um agamál er það niðurstaða aganefndar að leikmaðurinn er úrskurðaður í eins leiks bann. Aganefnd vekur jafnframt athygli á stighækkandi áhrifum leikbanna, skv. 1. mgr. 11. gr. sömu reglugerðar.
3. Jón Heiðar Sigurðsson leikmaður KA hlaut útilokun með skýrslu vegna grófs leikbrots í leik KA og ÍBV í Olís deild karla þann 24.02.2022. Dómarar meta að brotið falli undir reglu 8:5 a). Með tilvísun í 10. grein reglugerðar HSÍ um agamál er það niðurstaða aganefndar að ekki skuli aðhafst frekar vegna málsins en vakin er þó athygli á stighækkandi áhrifum útlökana vegna slíkra brota, skv. 2. mgr. 11. sömu reglugerðar.
4. Hilmar Bjarki Gíslason leikmaður KA U hlaut útilokun með skýrslu vegna grófs leikbrots í leik Selfoss U2 og KA U í 2.deild karla þann 27.02.2022. Dómarar meta að brotið falli undir reglu 8:5 b). Með tilvísun í 10. grein reglugerðar HSÍ um agamál er það niðurstaða aganefndar að ekki skuli aðhafst frekar vegna málsins en vakin er þó athygli á stighækkandi áhrifum útlökana vegna slíkra brota, skv. 2. mgr. 11. sömu reglugerðar.
5. Jóhann Birgir Ingvarsson leikmaður FH hlaut útilokun með skýrslu vegna sérstaklega gáleysislegrar eða hættulegrar aðgerðar í leik Harðar og FH í Coca Cola bikar karla þann 27.02.2022. Dómarar meta að brotið falli undir reglu 8:6 a). Með tilvísun í 10. gr. reglugerðar HSÍ um agamál er það niðurstaða aganefndar að leikmaðurinn er úrskurðaður í eins leiks bann. Aganefnd vekur jafnframt athygli á stighækkandi áhrifum leikbanna, skv. 1. mgr. 11. gr. sömu reglugerðar.

Fleiri mál lágu ekki fyrir.

Úrskurðinn kváðu upp Arnar Kormákur Friðriksson, Arnar Þór Sæþórsson og Sverrir Pálmason.